



Fundargerð

**Stjórn VJP - 118. fundur stjórnar VJP haldinn í ráðhúsi Hornafirði 3. hæð,
14. maí 2018, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Ármann Höskuldsson formaður, Guðrún Áslaug Jónsdóttir varaformaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Vilhjálmur Árnason varamaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri/kerfisstjóri og Halldór Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Ruth Magnúsdóttir, Fundarritari.

1. Fundargerðir svæðisráða - 1711005

Fundargerðir svæðisráða (45 mín)

Formaður svæðisráðs á norðursvæði spurðist fyrir um stöðu máls sem snertir land Skógræktar ríkisins í Ásbyrgi. Stjórn fer fram á að niðurstaða liggji fyrir í málinu fyrir 1.júní 2018.

Formaður svæðisráðs á austursvæðis fór yfir fundargerðir frá 88. og 89.fundi. Ákveðið hefur verið að ganga til samstarfs við Fljótsdalshrepp varðandi landvörslu við Hengifoss líkt og undanfarin ár. Framkvæmdastjóri ræddi lögfræðialit varðandi starfsmenn sem starfa utan þjóðgarðs. Stjórn felur framkvæmdastjóra að setja inn álit lögfræðings og ábendingu ráðuneytisins varðandi þetta atriði inn í fundargátt stjórnar fyrir 1.júní. Svæðisráð á austursvæði gerði athugasemdir við aðgengi að endurskoðaðari Stjórnunar og verndarráætlun í kynningarferlinu.

2. Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Staða stjórnunar og verndaráætlunar, framkvæmdir 2018. Vettvangskynning í fylgd Regínu og Helgu.

Gestir

Helga Árnadóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar - 12:30

Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður - 12:30

Vettvangsferð stjórnar að Jökulsárlóni. Þjóðgarðsvörður og aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar kynntu fyrirhugaða starfsemi á svæðinu í sumar. Rætt um skipulagstillögur og staðsetningu athafnasvæðis.

Stjórn leysir formlega upp þriggja manna nefnd sem stofnuð var í aðdraganda innlimunar jarðarinnar Fells í þjóðgarðinn til að hafa umsjón með svæðinu. Stjórn felur suðursvæði þjóðgarðsins að taka við umsjón með jörðinni Felli, Jökulsárlóni og Breiðamerkusandi. Jafnframt felur stjórn svæðisráði á suðursvæði að stýra og fylgja eftir skipulagsvinnu á svæðinu og vinnslu Stjórnunar og verndaráætlunar fyrir svæðið.

3. Vonarskarð - 1709013

Málsmeðferð. (10 mín)

Stjórn óskar eftir umsögn frá svæðisráði vestursvæðis varðandi málefni Vonarskarðs með vísun í bréf frá þáverandi umhverfisráðherra dags. 12.júlí 2013.

4. Stjórn- og verndaráætlun - 1709012

Stjórn fór yfir athugasemdir sem borist hafa í kynningarferli á drögum að stjórnar og verndaráætlun. Í gegnum stjórnarsýslu Vatnajökulspjóðgarð hefur umrædd áætlun verið ítarlega rædd í umfjöllun svæðisráða, sem m.a. eru skipuð fulltrúm hagsmunaaðila og samtaka. Stjórn telur þó að annmarkar hafi verið á kynningunni og því sé einboðið að kynningar- og samráðsferli verði endurtekið. Áður en að því kemur verði þjóðgarðsverði á austursvæði og ritstjóra Stjónunar og verndaráætlunar, Kristjáni Sveinssyni, falið að flokka og fara yfir athugasemdir til að undirbúa afgreiðslu þeirra hjá svæðisráðum og stjórn.

5. Rekstur 2018 - 1802007

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 15:08

Formaður svæðisráðs á norðursvæði óskaði eftir því að fá á stjórnarfundum yfirlit yfir rekstur á hverju rekstrarsvæði fyrir sig. Fjármálastjóra falið að sjá til þess að umbeðin gögn séu aðgengileg stjórnarmönnum þegar rekstur garðisins er á dagskrá stjórnar.

Formaður stjórnar leggur áherslu á að við yfirferð rekstraráætlunar verði frammúrkeysluliðir útskýrðir sérstaklega.

Fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu rekstrar fyrstu mánuði ársins. Samkvæmt niðurstöðum fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins er frammúrkeysla á launalið um 23 milljónir króna. Við gerð áætlunarinnar var ekki gert ráð fyrir landvörslu við Jökulsárlón, sem skýrir hluta af þessri frammúrkeyslu.

Stjórn samþykkir að við uppfærslu fjárhagsáætlunar 2018 verði viðbótarfjármagni úr innviðastjóði til landvörslu skipt milli launakostnaðar og annars kostnaðar í samræmi við tillögur þjóðgarðsvarða á hverju svæði.

Formenn svæðisráða leggja fram eftirfarandi tillögu um að viðbótarfjármagni úr innviðasjóði til landvörslu verði skipt á grunni þeirrar skerðingar sem átti sér stað við gerð rekstraráætlunar 2018. Framlag til rekstrar Jökulsárlóns verða 41 mkr, til annars reksturs á suðursvæði verði 10 mkr, til norðursvæðis 10 mkr, til austursvæðis 7 mkr og til vestursvæðis 10 mkr. Að baki skiptingu milli svæða liggur sama hlutfall og við skiptingar úthlutunar síðasta árs.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu að skiptingu viðbótarfjármagns úr innviðastjóði til landvörslu.

Stjórn óskar eftir skýrslu fyrir 4.júní frá Computer Vision um árangur gjaldtöku fyrir bílastæði í Skaftafelli fyrir fyrstu fimm mánuði ársins. Fjármálastjóra falið að fylgja málinu eftir.

Stjórn samþykkir framlagða gjaldskrá með þeim breytingum að flokkur A fólksbifreiðar verði 750 kr og flokkur B - fólksbifreið 6-9 manna verði 1000 kr og flokkur C rúta 10-18 manna verði 1800 kr. Flokkur D rúta 19-32 manna verði 3500 kr. Flokkur E 33-64 manna verði 6.400 kr. Flokkur F 65-90 manna verði 9000 kr. Bifhjól verði 300 kr. Ný gjaldskrá tekur mið af nýrri gjaldskrá Þingvallarþjóðgarðs.

Fulltrúi útivistarsamtaka ítrekar fyrirspurn um hvað felist í breytingu á orðalagi í

gjaldskrá úr þjónustugjaldi í svæðisgjald. Framkvæmdastjóra falið að skoða málið.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2019 liggur ekki fyrir fundinum. Fjármálastjóri upplýsti að unnið er að því að taka upp nýtt áætlanagerfi hjá ríkinu og því hafi vinnan tafist.

6. Atvinnustefna - 1709017

Drög að atvinnustefnu þjóðgarðsins liggja fyrir frá árinu 2013. Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda drögin til samtaka ferðapjónustuaðila til umsagnar ásamt drögum að samningum. Formanni er falið að semja kynningarbréf sem fylgi skjalinu.

7. Jökulsárlón - gjaldtaka - 1805002

Gestir

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 17:24

Málinu vísað til umræðu í svæðisráði á suðursvæði.

Fulltrúi útivistasamtaka bókar eftirfarandi: SAMUT gerir athugasemdir við að fyrirhugað er að haga gjalddöku fyrir bílastæði þannig að fullt gjald er tekið aftur ef farið er inn á fleiri en eitt bílastæði í þjóðgarðinum sama dag.

8. Skaftafell - gjaldtaka á bílastæðum - 1709014

Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa gögn vegna þriggja útboða á greiðsluvélum og eftirlitskerfi til fimm ára fyrir Skaftafell, Jökulsárlón og Ásbyrgi. Framkvæmdastjóri kynni útboðið á fundi stjórnar í júní.

9. Útboðsmál bráðabirgðasalerni Jökulsárlón - 1805003

Gestir

Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri - 00:00

Fjármálastjóri gerði grein fyrir tilboðum í bráðabirgðasalerni við Jökulsárlón. Alls bárust fjögur tilboð í verkefnið:

Húsasmiðjan kr. 10.249.192.

Íslenska gámafélagið kr. 20.000.000

Hafnarbakki flutningstækni kr. 33.567.000

A1 og Sér kr. 50.410.000

Stjórn samþykkir að ganga til samninga við lögstjóðenda og óskar eftir að svæðisráð ákveði staðsetningu í samráði við þjóðgarðsvörð.

10. Útboðsmál: Skaftafell veitingasala - 1805006

Stjórn óskar eftir því að fjármálastjóri geri úttekt á rekstri veitingasölu í Skaftafelli síðastliðin þrjú starfsár. Einnig verði tekið tillit til fjárfestingar.

11. Jökulsárlón, leyfi og erindi - 1802002

Stjórn telur brýnt að ljúka deiliskipulagsvinnu við Jökulsárlón og vinnu við stjórnun og verndaráætlun fyrir svæðið, svo að stuðla megi að sjálfbærri atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Á meðan vinnu við áætlanirnar stendur yfir telur stjórn að ekki sé ráðlegt að veita leyfi til frekari atvinnustarfsemi á svæðinu.

Málinu er vísað til umsagnar svæðisráðs.

Þórður H. Ólafsson framkvæmdastjóri og Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri og Snorri Ingimarsson, fulltrúi Samút yfirgefa fundinn kl. 18:20

12. Ráðuneyti - samskipti - 1804001

Varaformaður fór yfir drög að svarbréfi til ráðuneytis vegna kvörtunar fulltrúa Samút um vinnubrögð við ný drög að Stjórnunar og verndaráætlun þjóðgarðsins. Stjórn felur varaformanni að ljúka við bréfið með tilliti til umræðna á fundinum og senda það.

13. Þverá - 1802008

Fram lagður drög að samningi við Þverárfélagið um leigu á húsum á Þverá. Drögunum vísað til svæðisráðs á vestursvæði til umsagnar.

Fundi slitið kl. 18:30.
